

IMMI, alþjóðleg stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi
Austurstræti 14, 101 Reykjavík, Iceland
info@immi.is / <http://www.immi.is>



Nefndasvið Alþingis

18. maí 2015

IMMI, alþjóðleg stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi, fagnar því að fram er komið frumvarp til heildarlaga um miðlun upplýsinga og vernd fyrir uppljóstrara.

Í þingsályktun sem samþykkt var í júní 2010 um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis, ályktaði Alþingi fela ríkisstjórninni að leita leiða til að styrkja tjáningarfrelsi, málfrelsi, upplýsingamiðlun og útgáfufrelsi auk þess sem vernd heimildarmanna og afhjúpenda verði tryggð.

Það frumvarp sem hér liggur fyrir um miðlun upplýsinga og vernd fyrir uppljóstrara fellur mjög vel að þeim markmiðum um vernd uppljóstrara sem þingsályktunin og greinargerð með henni kveður á um.

Meðal nýmæla sem samþykkt frumvarpsins hefði í för með sér er réttarvernd fyrir starfsmenn einkageirans, en í lögum um starfsmenn hins opinbera er að nokkru leyti kveðið á um að þagnarskylda víki til hliðar þegar um er að ræða ólöglegt athæfi. Í frumvarpinu er kveðið á um allar mikilvægar skilgreiningar sem þurfa að vera til staðar, þar á meðal á hugtakinu uppljóstrari, misgerð, innri uppljóstrun og ytri uppljóstrun o.s.frv.

Þá er í frumvarpinu kveðið á um heildstæða vernd fyrir hvers kyns þáttum sem geta haft kælingaráhrif á þá sem búa yfir upplýsingum um misgerð. Er þar um að ræða vernd gegn starfsmissi eða missi lífsviðurværis, ákveðna vernd gegn málsóknum hafi uppljóstrari verið í góðri trú og vernd gegn annarskonar mögulegum hefndaraðgerðum.

IMMI telur mjög brýnt að löggjöf og vernd fyrir uppljóstrara sé fyrir hendi í einum heildstæðum lögum. Uppljóstrarar geta verið hverjir sem er, í hvaða starfi sem er. Þar sem uppljóstrarar eru ekki tiltekin sérhæfð starfsgrein heldur fólk af öllum stigum þjóðfélagsins er mikilvægt að þeir sem íhuga uppljóstrun hafi á einum stað upplýsingar um réttarvernd og þau skilyrði fyrir því að njóta verndarinnar, sem og upplýsingar um skilyrði fyrir því að upplýsa fjölmiðla og almenning beint frekar en að fara í svokallaða innri uppljóstrun fyrst. Án lagaverndar gæti uppljóstrari þurft að þola hefndaraðgerðir atvinnurekanda, stjórnvalda eða annarra sem hagsmuni hafa af því að upplýsingum sé haldið leyndum. Starfsöryggi viðkomandi og fjárhagslegt öryggi kann að vera í húfi eða traust yfirmanns, samstarfsfélaga og jafnvel vina og fjölskyldu. Þá kann upplýsingagjöfin að varða

skaðabóta- eða refsíabyrgð og í einstaka tilvikum getur líf eða líkamlegt öryggi uppljóstrara og fjölskyldu viðkomandi legið við.

Þegar að er gáð er frumvarp þetta ekki eins róttækt og kann að sýnast við fyrstu sýn enda hljóta flestir að geta tekið undir að greiða eigi götu þeirra sem vilja uppræta spillingu og hverskyns ólýðræðislegt eða ólöglegt athæfi hvort heldur sem er í opinbera geiranum eða einkageiranum. IMMI hvetur allsherjar- og menntamálanefnd til að greiða framgang þessa mikilvæga máls í þinginu.

Stofnunin leggur að lokum til, verði útséð um að málið fái lokaafgreiðslu á þessu þingi, að því verði vísað til stýrihóps menntamálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um afgerandi lagalega sérstöðu á sviði upplýsinga- og tjáningarfrelsi sem vitnað var til hér í upphafi. Stýrihópurinn hefur það á verkefnaskrá sinni að undirbúa frumvörp meðal annars um vernd fyrir afhjúpendur.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd IMMI,

Guðjón Idir Guðnýjarson
Framkvæmdastjóri IMMI